

**3538. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 11. júlí 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2301018 - Fundargerðir 2023 – Faxaflóahafnir**

232. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 26. maí 2023.

*Lagt fram.*

**2. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**

931. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. júní 2023.

*Lagt fram.*

**3. 2305247 - Lóðaleigusamningar - skipulags- og umhverfissvið 2023**

Farið yfir lóðaleigusamninga á svæðum sem á að endurskipuleggja.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, sem starfar í umboði bæjarstjórnar, að fyrirliggjandi drög að lóðaleigusamningi verði samþykkt vegna svæða þar sem endurskipulagning er fyrirhuguð.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir liðum nr. 4., nr. 5 og nr. 6.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir lóðaleigusamningsform vegna svæða þar sem endurskipulagning er fyrirhuguð og leigusamningar eru útrunnir.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2307008 - Flóahverfi – Framkvæmdaleyfi**

Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna gatnagerðar í hluta Flóahverfis ásamt tilheyrandi veitum og yfirborðsmótun í samræmi við deliskipulag áfanganna (samþykkt bæjarstjórn 14. mars 2023).

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í Flóahverfi, skv. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir framkvæmdaleyfi skv. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna gatnagerðar í hluta Flóahverfis ásamt tilheyrandi veitum og yfirborðsmótun í samræmi við samþykkt deliskipulag áfanganna samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 14. mars 2023.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023 (Tjarnarskógar 15)**

Bæjarráð vísaði málínu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs á fundi sínum þann 15. júní sl. en til skoðunar hefur verið að uppbyggingin fari fram á annarri hentugri lóð, þ.e. að Skógarlundi 40 í stað Tjarnarskógu 15.

Skipulags- og umhverfisráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 3. júlí sl. og lagði ráðið til við bæjarráð að íbúðakjarninn verði færður að Skógarlundi 40 með smávægilegri breytingu á skipulagi.

Velverðar- og mannréttindaráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 4. júlí sl. og taldi að þar sem möguleg breyting á staðsetningu kjarnans hefði ekki teljandi áhrif á tímalínu verkefnisins, samþykkti ráðið fyrir sitt leyti tilfærslu uppbyggingarinnar frá Tjarnarskógu 15 til Skógarlundar nr. 40.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sitja fundinn undir þessum dagskrálið.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að uppbygging íbúðakjarnans verði að Skógarlundi 40 í stað Tjarnarskóga 15.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2211192 - Bæjarskrifstofan – húsnæðismál**

Minnisblað um möguleika í húsnæðismálum.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram og samþykkir að leitað verði til ráðgjafa um nýtingu skrifstofuhúsnæðis.*

*Samþykkt 3:0*

*Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.*

**7. 2305108 - Írskir dagar 2023**

Farið yfir hvernig til tókst með framkvæmd írskra daga.

Fríða Magnúsdóttir viðburðarstjóri írskra daga situr fundinn undir þessum dagskrálið.

*Lagt fram.*

*Gert er ráð fyrir frekari upplýsingagjöf vegna málsins m.a. frá viðbragðsaðilum og skipuleggjendum Lopapeysunnar á næsta fundi bæjarráðs.*

*Fríða Magnúsdóttir víkur af fundi.*

*H.B*  
65

**8. 2306091 - Aggapallur - leiga**

Bæjarráð tók 29. júní s.l. jákvætt í erindi um leigu á Aggapalli undir sölu á heilsubita og fól bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Haraldur og Valdís Eyjólfsdóttir hafa þegar átt fund með umsækjenda.

Hugmynd hans er að hefja rekstur þarna næsta vor. Var honum á bent á að afla þyrfti m.a. leyfis hjá heilbrigðiseftirliti og hvað varðar aðstöðuleigu vísað til fyrilliggjandi gjaldskrár um stöðuleyfi matarvagna. Einnig var nefnt við umsækjanda þann mögulega að aðrir gætu haft áhuga á "pop up" veitingaþjónustu.

Stefnt er að því að ræða við forstöðumann Íþróttamannvirkja um nánara fyrirkomulag og vinna málið áfram.

*Bæjarráð fagnar frumkvæði umsækjanda sem er til þess fallið að glæða svæðið frekara lífi og felur bæjarstjóra að vinna að framgangi málsins.*

*Samþykkt 3:0*

**9. 2202102 - Hinsegin Vesturland 2022 - fræðslusamningur o.fl.**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 29. júní s.l. að ganga til samninga við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ganga frá samningi.

*Lagt fram.*

*Gert er ráð fyrir umfjöllun skóla- og frístundaráðs um samninginn á næsta fundi ráðsins og málið komi svo að nýju til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:52.**

*Hif hámslóttir  
Valdís Eyjólfsdóttir  
Ragnar Þórmundsson  
Haraldur Brundt  
Símun Álvarsson*